



# FRÉTTABRÉF

## FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

1.tbl. Apríl 2024

**Forsíðuna prýða nú myndir af munum sem félagi Karl Helgi Gíslason hefur unnið í tré.**

Karl Helgi er einn af stofnendum Félags trérennismiða á Íslandi og dyggilega studdur af eiginkonu sinni Guðrúnu Bjarnadóttur hafa margir heimspektir trérennismiðir sótt félagið okkar heim. Félag trérennismiða á Íslandi á góða að þar sem þau hjón eru og flytur þeim þakkir.



Höf: Engilbert Gíslason

**Skyrkletttagata 3, glæsilegt hús þar sem brúin á lðu er á aðra hönd og svo útsýni niður eftir Hvítánni. Þau Karl Helgi Gíslason og Guðrún Bjarnadóttir eru að brasa í bílskúrnum þegar ég renni í hlað. Skúrinn reynist flottur eins og annað í húsinu þeirra. Nafnið Skyrkletttagata er efni í aðra frásögn og verður því umvafið hulu sögunnar í bili.**



Hjónin Guðrún og Karl Helgi

Snyrtimennskan hvert sem lítið er, úti sem inni. Renniverkstæðið er í kjallaranum. Allstaðar eru listaverk meistara Karls Helga og annarra listamanna. Við flytjum okkur upp í stofu þar sem Guðrún er búin að hlaða kaffiborðið veitingum og góðu kaffi og höldum spjallinu áfram.

Meistarinn er fæddur hjá ömmu og afa á Bræðraborgarstígnum í Reykjavík 24.maí 1948 og er þar til tveggja ára aldurs er fjölskyldan flytur í Kaplaskjól. Þar slítur hann barnsskónum og unglingsárnum og raunar lengur eða fram yfir námið í húsasmíðinni.

Um þetta leiti var algengur draumur hjá ungu folki að breyta til og hleypa heimdraganum og ekki leið á löngu uns okkar maður var á leið til Danmerkur. Guðrún var komin í spilið og hún kom skömmu seinna á eftir mér segir Karl Helgi og við hófum búskap okkar í Kaupmannahöfn og erum þar í ár eða frá 1970 til 1971.

*Trérennismiðin, kynntu henni í Danmörku?*

Nei ekki var það nú svo. Það var nú þannig að ég var að vinna með frænda þínum Leifi Ársæli Leifssyni heitnum hjá Ármannsfelli og hann spurði mig dag einn hvort ég þekkti ekki einhvern sem kynni að renna í tré. Leif langaði að kynnast þessari list og úr varð að við fengum smá tilsögn hjá Kristjáni í Ásborg og þar með fór boltinn að rúlla en leiðsögnin var nú varla meira en járna kynning, Kristján renndi og við horfðum.

Síðar fórum við Leifur og konur okkar Guðrún og Jóna á námskeið í Englandi þar sem Chris Stott, frægur kennari í faginu kenndi. Svo þegar Listhúsið í Laugardal reis fengum við Guðrún smá skonsu þar og fljótlega varð maður var við nokkra sem höfðu áhuga á trérennsli og spurðu margs um listina og hvernig hitt og þetta væri gert.

Eitt leiðir af öðru og í maí 1994 verður Félag trérennismiða á Íslandi til með 37 stofnfélögum, Leifur var einn stofnenda en hann lést í bílslysi fyrir nokkrum árum.

Fljótlega fórum við að fá kennara erlendis frá með námskeið, þar má m.a. nefna Nick Ager sem ferðast vítt og breitt um heiminn með námskeið í trérennsli. Við vorum heppin með kennara sem voru vel þekktir og sumir heimsþekktir. Flestir þessarra kennara bjuggu heima hjá okkur Guðrúnu og góður vinskapur varð og heldur enn.

Eins og áður sagði prýða heimili þeirra, skúr og vinnustofu fjöldi fagurra listmuna Karls Helga og vina þeirra, kennarranna í faginu og annarra listamanna sem orðið hafa á vegi þeirra á lífsins leið.



Skip í viðgerð hjá meistararum



Fullir skápar af listmunum



Tímahjólíð



Á verkstæðinu

# MYNDIR ÚR FÉLAGASTARFINU

Ljósmyndir: Andri Snær Þorvaldsson



Undirbúningur á kaffistofunni hjá Magga



Ebbi þússar með pólóbol



Vinskapur



Íbyggirnir fundarmenn

## Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík  
Sími 5868000 [www.roggi.is](http://www.roggi.is)  
[verslun@roggi.is](mailto:verslun@roggi.is)

Þjónusta við lðnaðinn

Trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir, loftpressur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporjárn.

Öllverð á heimasíðu [www.roggi.is](http://www.roggi.is)



FRÉTTABRÉF  
FÉLAGS  
TRÉRENNISMIÐA  
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson  
Ljósmyndir: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson • Andri Snær Þorvaldsson  
Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22

# HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason



Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu hvítleitt rykið frá vélsöginni er, sérlega smjúgandi og beinlínis heilsuspillandi.

Á markaði eru allskonar ryksugur og kerfi en í litlu rými tómstundasmíðsins er slíkt bæði fyrirferðamikið og kanski dýrt.

Ég sjálfur hef verið með affallstunnu sem ég keypti í Europris á sínum tíma. Ryksuga er tengd við tunnuna og þaðan fer slanga í geirungsögina. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þetta smáaxna kerfi hefur dugað prýðisvel.

Við borðsögina hef ég afturámóti verið með sæmilega stóra vatns/purrsugu beintengda þ.e. án sérstaks affalls- eða milli íláts.

EKKI reyndist þessi aðferð sérlega vel því á endanum laskaðist ryksugu mótórin af sági sem fór þangað sem það átti ekki erindi.

Ég fór því að líta eftir milli íláti svipuðu og ég fékk forðum í Europris en ekki haft erindi sem erfiði.

Næst var að kíkja aðeins út fyrir landamærin og við nánari eftirgrennslan voru það landamæri Kína sem opnuðust enda mikið framleitt þar af nytja vörum.

Á sölusíðu TEMU er að finna mikið af ýmsum varningi og þar með búnaður sem festist við lok á tunnu fyrir ságið, sjá meðfylgjandi myndir. Búnaðurinn var verðlagður á kr. 6.887,- en eftir 3.698,- króna afslátt var verðið sem ég greiddi kr. 3.189,- og flutningur innifalinn.

[www.temu.com/is-en](http://www.temu.com/is-en)



Helstu mál



Festingar og fleira



Búnaðurinn festur við tunnulok

**Hnota - Hlynur  
Birki - Eik o.m.fl**

**Innviðir**

**Harðviður**

Dú færð  
efniviðinn  
hjá okkur.

Láttu sjá þig  
við tókum  
vel á móti  
þér.



Smíðjuvegur 36 rauð gata 5.564-3636

# ÍBYGGNIR NÁMSMENN



Eitt af því sem félagsmenn í Félagi trérennismiða leggja ríka rækt við er að sækja námskeið í þeim undraheimi sem trérennismiðin er og þá er það gjarnan þekktir meistarar í útlöndum sem freista. Hér eru félagar okkar í námi í bænum Schönau Þýskalandi.

Á þessari SÍMSENDU mynd eru talið frá vinstri: Magnús, Ívar, Jónas, Halldór, Þórir, og kennarinn Martin Weirbrecht. Ljósmyndarinn er Örn Ragnarsson formaður Félags Trérennismiða.

Símsendu mynd sagði ég, það nefnilega rifjar upp að það er ekki lengra síðan en kanski um 1960 sem myndsendingar fóru almennt að tíðkast hjá dagblöðum þess tíma en uppfinningin rekur sig til ársins 1921 en hófust þó ekki fyrr en 1925. Búnaðurinn var nokkuð flókinn og fyrirferðamikill. En tækninni fleygir fram og nú er hver maður með tæki til þessa í vasanum, GSM símann.

## KÍKT Í SKÚRINN HJÁ SIGURÐI MÁ

Texti: Engilbert Gíslason

Við röltum saman yfir götuna eftir síðasta fund ritstjórinn og félagi Sigurður Már. Auðvitað var stefnan tekin beint á helgidóminn í skúrnum, já í skúrnum þar sem Sigurður framleiðir m.a. hinn heimsfræga Fuzzy stól eða koll.



Meistari Sigurður í völundarhúsinu



Fussy



Þetta þarf að skoða nánar

Höf: Engilbert Gíslason

**Ausandi rigning þennan fimmtudag í janúar þegar ég renni í hlaðið hjá henni Tonu á Selfossi eða Antoníu Sveinsdóttur fyrrum gjaldkera Félags trérennismiða á Íslandi. Það er gott að koma inn í glaðlegt viðmótið og ekki skemmir ilmurinn af vöflubakstrinum. Hún sagðist setja ögn af sótavatni í deigið til að gera vöflurnar stökkari. Var hægt að fá betri móttökur? Nei - enda smökkuðust stökkar vöflurnar og heimgerða marmelaðið og Flóabús rjóminn einkar vel**

Tona er austfirðingur, fædd á Stöðvarfirði þegar landinn óð síld uppundir hendur. Hún var ekki há í loftinu þegar hún var komin í söltunina á planinu, enda vó hún salt á tunnubarminum þegar hún lagði síldina í neðstu lögin.

Hún ólst upp og sleit barnskónum á Stöðvarfirði, naut unglingsáranna og lífið flaug áfram, landlegu böll og flottir gæjar á hverju horni. Fyrrihluti skyldunnar tekinn í skólanum heima á Stöðvarfirði og svo var mömmu stelpan send til Húsavíkur til að klára unglingsgigið. Ekki þoldi unga daman og mömmuselpan Húsavíkurdvölinu og var komin heim um jól. Heppnin var með þar sem um þetta leiti var ákveðið að bjóða upp á námið heima í firðinum hennar en skólagönggunni var ekki lokið því Gagnfræðaprófið var eftir og þá var vetur á Eiðum næsta skref.

Eins og svo margir krakkar hér áður fyrr átti Tona því láni að fagna að ná að fylgjast með öllu sem var að gerast í samfélaginu eystra og þar með smíðum föður síns sem var trésmíður með verkstæði heima þar sem smíðaðar voru innréttingar, gluggar og undirbúnar húsbyggingar í ört stækkandi samfélagi síldráanna.



*Rennismiði? Hvað verður til þess að þú hallar þér að trérennismiði? Ja, það er nú það, ég fór a sýningu í Laugardalshöllinni 1996 eða 1997 og þar komst ég í kynni við rennismiðina og heillaðist alveg af henni. Ég keypti mér bekk skömmu seinna og kom mér upp aðstöðu í kjallaranum heima en þá bjó ég í Reykjavík. Ég var nú hálf smeyk við þetta til að byrja með en svo smá kom þetta og þessi undraheimur sem trérennismiðin er opnaðist fyrir mér. Það er í raun ólýsanlegt hversu gefandi glíman við rennismiðina er.*

*Einhversstaðar heyrði ég af einhverjum ferðaklúbbi trérennara og skildist að þú værir eitthvað innvikuð í það fyrirbrigði.*

Já mikið rétt, það var nú bara svo að við komum niður í Porlákshöfn þann 8. ágúst 2023 og þá vildi nú bara svo til að þar hittumst við nokkur úr Félagi trérennismiða, algjör tilviljun.

Nú eins og svo oft þegar fólk kemur saman og hefur gaman þróast spjallið á ýmsa vegu og þar varð til hugmynd að Ferðaklúbbi trérennismiða. Þarna voru meðal annarra Úlli og Karl Helgi og frú og einhverjir fleiri, reyndar ekki allir úr félaginu. Við vorum ýmist á ferðabílum eða hjólhýsum. Við mótun þessa félagsskapar var strax ákveðið að einskorða ekki aðild bara við ferðabíla eða hjólhýsi, allt opið, bara að ferðast, hittast og hafa gaman, gamla góða tjaldið í fullu gildi.

Nú var Bjarni eiginmaður Tonu kominn heim úr sundi og tók til við vöflurnar með okkur Tonu. Fljótlega vorum við Bjarni komnir á sjóinn enda hafði hann m.a. róið frá Eyjum á sínum tíma. Rennismiðatal komið út í horn og öll þrjú áttum við góða stund í spjalli um alla heima og geyma og gæddum okkur á vöflunum góðu að ógleymdu marmelaðinu og Flóa rjómanum.



Bjöllur



Jólabjallan



Staup og hunangssköflan

# 30 ÁR

Samantekt: Engilbert Gíslason

**Senn líður að stofndegi og 30 ára afmæli Félags trérennismiða á Íslandi. Stofnfundurinn var haldinn í húsnæði Smíðadeildar Kennaraháskóla Íslands í Skipholti 37 í Reykjavík þann 24.júní 1994 og félagið því brátt 30 ára gamalt.**

Stofnun félagsins bar fremur brátt að og var því haldinn framhalds stofnfundur í Gerðubergi þann 14. febrúar 1995. Á þann fund mættu 32 menn og var þara ákveðið að allir sem gengju í félagið það ár teldust stofnfélagar og þeir urðu 80 áður en árinu lauk.

Markmið með stofnun félagsins voru m.a. að efla og bæta trérennismiði á Íslandi með því meðal annars að mynda fagleg og félagsleg tengsl milli áhugafólks á þessu sviði. Einnig að miðla upplýsingum og standa fyrir námskeiðahaldi í trérennismiði.

Og áfram segir:

- Að standa fyrir sýningum og samkeppnum meðal félagsmanna.
- Að vekja áhuga og skilning almennings og opinberra aðila á gildi trérennismiðalistar.
- Að mynda tengsl við sambærileg félög erlendis.
- Að stuðla að því að félagar geti keypt fjölbreytt og hagkvæmt efni til trérennismiða og fái leiðbeiningar um kaup á rennibekjum og verkfærum til trérennismiða.
- Að veita félögum upplýsingar um menntunarmöguleika, bæði námskeið og skóla.
- Að koma upp bóka- og myndbandasafni.
- Að halda vinnufundi.

Auðvitað settu frumkvöðlarnir sér strax háleit markmið sem sannarlega hafa verið haldin í heiðri. Fróðlegt er að staldra aðeins við næst síðasta markmiðið „að kom upp bóka- og myndbandasafni“

Ekkert ofangreindra markmiða hefur mólur og ryð náð að granda nema kanski því næst síðasta þar sem tækniþróun síðustu 30 ára gerir okkur nú kelið að sækja lesningu og myndfræðslu á netinu – um leið og spurningin um eitthvað eða einhverja lausn verður til.

En síðasta markmiðið sem upp er talið er að halda vinnufundi og það er gert síðasta laugardag mánaðar frá september til og með mars en svo er starfsvetrinum slútt að síðasta laugardag í apríl með veglegri vorferð félögum til fróðleiks og skemmtunar.

Félagsmenn hins nýstofnaða félags eu hvaðanæva af landinu, allt frá Patreksfirði til Egilsstaða, og frá Akureyri til Vestmannaeyja eins og segir í fyrsta fréttabréfi félagsins sem dagsett er 1.apríl 1995.



Séð yfir salinn í Ráðhúsinu

Fyrstu stjórn félagsins skipuðu:

*Formaður:* **Ingólfur G. Ingólfsson**, lektor KHÍ

*Aðrir í stjórn:* **Karla Helgi Gíslason, Trausti Óskarsson**

**Kristján Jóhannesson og Jóhann Sigurjónsson**

*til vara:* **Þorsteinn Gíslason og Helga Ragnarsdóttir**

Ekki leið á löngu uns félaginu bárust boð um að taka þátt í sýningunni *Skógardagar í Perlunni* dagana 20.-21. maí 1995. Sýningin var sölusýning um leið og hún var til að vekja athugli almennings á þeirri viðarframleiðslu og vinnslu sem þegar er til staðar í landinu og hvetja til frekari þróunar og hagnýtingar íslenskra skógarafurða.

Tímamótanna verður minnst á viðeigandi hátt síðar á árinu, látum okkur hlakka til.



Reynir, Karl Helgi, borgarstjorinn og skálin hans Jóns



Rokkar, Gunnar Guðmundsson

## UPPSKRIFT

# BÝVAX ÁBURÐUR Á RENNDA MUNI – 2 LÍTRAR

Örn Ragnarsson

Ég fékk þessa uppskrift frá Glenn Lucas og hann gaf mér góðfúslegt leyfi til að birta hana í fréttabréfinu okkar.

### Áhöld:

Tveir misstórir pottar

Sleif

Ausa

Mælikanna

Mogginn eða annar pappír til undileggs, jafnvel viskustykki

### Innihaldsefni:

1600ml paraffín olía

400g bývax

2 kúfaðar teskeiðar af carnauba vaxi

Það tók nokkurn tíma að útvega innihaldið. Ég byrjaði á að leita að bývaxinu, vildi helst fá vax frá íslenskum býflugnabónda. Sá sem ég komst í samband við átti nóg vax en það kostaði líka hvítuna úr augunum þannig að ég lét mér duga að kaupa innflutt vax frá Bambus netverslun í Kópavogi.

Svo hófst leitin að paraffínolíunni. Apótekin selja paraffínolíu í 100 ml glösum. Það fannst mér ótækt. Á endanum fannst paraffínolía hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og hjá Parlogis í 5 lítra brúsum. Ég valdi Parlogis. Fimm lítrar duga í þrjár blöndur.

Svo var ég svo heppinn að Ebba vinur minn átti kurlað Carnauba vax. Annars er hægt að finna það á netinu. Hugsanlega fæst það líka hjá Handverkshúsinu eða Ásborg.

Það þarf að hita paraffínolíuna og vaxið í potti sem er í vatnsbaði í öðrum potti. Þar sem öll efnin eru meinlaus þá fór ég í pottaskápin á heimilinu. Þar fann ég tvo potta þar sem minni potturinn komst ofan í þann stærri. Eldavélarhelluna stillti ég á hægan hita (2/3). Í stærri pottinn er vatn sem hitað er upp undir suðu. Í minni pottinn fer svo olían, bývaxið og carnauba vaxið.

Það tók mig nokkurn tíma að koma hita í olíuna. Ég hrærði með sleif. Smátt og smátt byrjaði vaxið að bráðna, fyrst bývaxið en það hefur bræðslumark um 64°C. Carnaubavaxið bráðnar við 84° C.

Ég notaði kjöthitamæli til að fylgjast með hitanum. Á endanum var vökvinn orðinn tær, fallega gullinn á litinn. Þá sýndi mælirinn reyndar bara 78° C.

Þá færði ég pottinn úr vatnsbaðinu yfir að eldhúsvasknum. Breiddi moggann undir. Raðaði mæjónesdósunum í kring og byrjaði að ausa með venjulegri ausu úr plasti. Vaxið storknar fljótt og tekur á sig nær hvítan lit. Niðurstaðan varð þá níu dósir af þessum líka fína áburði. Þá er bara að fara og renna eitthvað og prófa.

Ég er enginn sérfræðingur í þessu þannig þið ættuð að gera tilraunir til að finna það sem hentar ykkur best.

**Munið:** Bræðslumark bývax er 64°C gráður C og bræðslumark carauba vax er 84° C. Það sést þegar þú hrærir í blöndunni.

Pottinn og mælikönnuna, sleifina og ausuna vaskaði ég svo upp í heitu vatni með þvottalegi. Virkaði fint.

Gagnleg video er að finna á Youtube undir leitarorðunum “food safe beeswax polish or wax” <https://www.youtube.com/watch?v=qqxVYDFYdQA>.

Hér fylgja svo nokkrar myndir



Paraffínolía



Vax í poka



Gúmmelaði í poka



Vax í dósun



Vaxgerð



Hitamælir



Afraksturinn

Úrval af handverkfærum,  
handfræsitönnum, sandpappír o.fl.



HEGAS | Smiðjuvegi 1 | 200 Kópavogur | hegas.is



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORDSEFNI

**HAND**VERKS  
**HÚSIÐ**

TRÉRENSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25  
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16  
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS

# FRÓÐLEIKUR

Félagi Eric Shapow miðlaði okkur af reynslu sinni og þekkingu á fundinum laugardaginn 6.apríl s.l. og þar með þessum heima- og húgbúnaðarsíðum.

## Fróðlegar heimasíður

[www.youtube.com/@ThePapa1947](https://www.youtube.com/@ThePapa1947)

[www.youtube.com/@RHumphrey](https://www.youtube.com/@RHumphrey)

[www.youtube.com/@mayukowoodturning7644](https://www.youtube.com/@mayukowoodturning7644)

## Hjálplegur hugbúnaður:


[www.segeasy.com](http://www.segeasy.com)

[woodturnerpro.com/software/segmentpro](http://woodturnerpro.com/software/segmentpro)

[www.blocklayer.com/woodturning-segments](http://www.blocklayer.com/woodturning-segments)



Bútahringur límdur við þann fyrsta og svo koll af kolli



Þetta var einstaklega flott og vel undirbúin miðlun hjá félagi Eric



Fræðarinn Eric

Asborg - Smiðjuvegi 11 . 200 Kópavogur (gul gata) - Sími 5641212 - [www.asborg.is](http://www.asborg.is)

Made in Austria

# MYNDIR ÚR FÉLAGASTARFINU



Íbygginn MUGGI gjaldkeri



Formaður flytur ársskýrslun



Fundur búinn en uppvaskið er eftir og Maggi klárar það



## STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ÖRN RAGNARSSON, *formaður* / GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), *gjaldkeri*

MAGNÚS KRISTMANNSSON / ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON / BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON

vfs.is

# Hultafors

Handverkfæri í úrvali



VERKFÆRA  
SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



**HVER SEM  
HUGMYNDIN  
ER ÞÁ GERUM  
VIÐ ÞETTA SAMAN**

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN